

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfirði.

Efni: Ytra mat á grunnskólum

Kópavogi 24. 5. 2019

Ágæti bæjarstjóri.

Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra mats á grunnskólum fyrir hönd menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga. Haustið 2019 verða 14 grunnskólar metnir og hafa Hvaleyrarskóli, Víðistaðaskóli og Nú verið valdir til mats. Markmið með ytra matinu eru meðal annars að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ekki er gerður samanburður á skólum heldur notaðar samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða.

Pungamiðja matsins eru stjórnun, nám og kennsla og innra mat skólans. Skóli, skólaráð eða sveitarstjórn geta komið fram með óskir um að matsteymi skoði sérstaklega einhvern fjórða þátt í starfi viðkomandi skóla svo fremi sem hægt er að meta viðkomandi þátt með þeim gagnaöflunaraðferðum sem notaðar eru í matinu. Ósk um þann matsþátt þarf að berast Menntamálastofnun fyrir 15. júní n.k.

Tveggja manna matsteymi metur starfsemi hvors skóla. Lögð er áhersla á að matsaðilar hafi kennaramenntun og reynslu af grunnskólastarfi, þekkingu á matsfræðum og reynslu af eigindlegum rannsóknaraðferðum. Gæta þarf að sérstöku hæfi matsaðila til að meta viðkomandi skóla sbr. II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Menntamálastofnun tilnefnir annan matsaðila og gefur sveitarfélaginu kost á að tilnefna hinn aðilann að höfðu samráði við undirritaða hjá Menntamálastofnun. Kjósi sveitarfélag að tilnefna matsaðila þarf það að tilkynnast fyrir 15. júní n.k. til undirritaðrar, thora.bjork.jonsdottir@mms.is. Að öðrum kosti leitar Menntamálastofnun til reyndra og menntaðra aðila sem sótt hafa námskeið um ytra mat.

Síðustu árin hefur framkvæmd ytra mats verið í þróun með það í huga að koma á ferli ytra mats sem nýtist sveitarfélögum og öllum skólum. Meðan á þróun stóð var matið fjármagnað með framlögum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður hefur ákveðið að taka þátt í fjármögnun fyrir hönd sveitarfélaga utan Reykjavíkur þar til fyrsta matshring er lokið.

Matsaðilar munu hafa samband við skólastjóra vegna gagnaöflunar, fyrirkomulags og framkvæmdar verksins. Ef frekari upplýsinga er óskað er unnt að beina fyrirspurnum til Þóru Bjarkar Jónsdóttur hjá Menntamálastofnun í pósthafið thora.bjork.jonsdottir@mms.is eða í síma 514 7500.

Menntamálastofnun væntir góðs samstarfs við sveitarfélagið og skólana um matið.

Virðingarfyllst,

Þóra Björk Jónsdóttir,
Sérfræðingur, matsdeild.

Afrit:

Skólastjóri Hvaleyrarskóla: Kristinn Guðlaugsson

Skólastjóri Víðistaðskóla: Hrönn Bergþórsdóttir

Skólastjóri Nú: Gísli Rúnar Guðmundsson

Formaður skólanefndar: Kristín María Thoroddsen

Til upplýsinga einnig sent fræðslustjóra: Fanney D. Halldórsdóttir